

## Glæsileg afmælisýning í Ráðhúsi Reykjavíkur



**S**extíuogfimm ára yfirlitssýning félagsins var haldin í Ráðhúsinu 19.-22. september og heppnaðist vel. Yfir 1000 manns komu og skoðuðu sýninguna. Sýnd voru föt frá nánast öllum tímabilum

og eldri fatnaður fengin að láni. Athygli vakti hve oft lítill munur var á útliti fatnaðar saumaður 1950 eða 2008, sem sannar að tískan fer í hringi. Úr mjög fjölbreyttu fataúrvali var að velja og í

raun meira en komst fyrir. Afmælisnefndin þakkar góða og skemmtilega sýningu og stjórnin þakkar þeim félagsmönnum sérstaklega sem lögðu hönd á plóginn til að gera þessa sýningu glæsilega.



Heimasíða félagsins er: [www.klaedi.is](http://www.klaedi.is)  
Stefnt að því að setja allar tilkynningar og fréttir inn á heimasíðuna framtíðinni. Færri fréttabréf verða gefin út á pappír. Fylgist með heimasíðunni og takið þátt í umræðum. Einnig er hægt að setja tilkynningar og fréttir á heimasíðuna.

Mínum enn og aftur á að allar breytingar á skráningum, heimilisföngum, vefpóstföngum og fleiru þurfa að berast til Maríu hjá Samtökum iðnaðarins á [maria@si.is](mailto:maria@si.is) en ekki í gegnum ritara félagsins.

# Haustfundur KK og Halldór í Henson heimsóttur



Félagsmenn funda á Kaffi Loka



**Haustfundur KK** var haldinn laugardaginn 15. nóvember. Á dagskrá var heimsókn í fyrirtækið Henson þar sem Halldór Einarsson framkvæmdastjóri tók á móti okkur. Leiddi hann okkur um fyrirtækið og sagði sögu þess síðastliðinna 40 ára og þá þróun sem orðið hefur. Hjá Henson starfa 25 manns og eru allir gallar/búningar saumaðir á Íslandi. At-  
hyglisverð er ný aðferð sem er beitt við að heilprenta á efni til þess að fá fram

réttu liti og mynstur. Fundinum var framhaldi á Kaffi Loka sem er nýtt kaffihús með sérstaka áherslu á íslenska rétti. Fundurinn var afslappaður og fór að mestu í spjall á meðan borðaður var léttur kvöldverður.

Að því loknu var stefnan sett á sundlaugina í Laugardalnum þar sem Unglist setti upp tískusýningu sem nemendur í fataiðndeildinni stóðu fyrir. Var sýningin flott og tilkomumikil.



Tískusýning Unglistar í sundlauginni í Laugardal

## Stofndagur félagsins



**Klæðskera og kjólameistarafélagið** varð 65 ára 2. september síðastliðinn og af því tilefni bauð afmælisnefndin eldri félagsmönnum ásamt klæðskerum og kjólameisturum sem ekki eru í félaginu í kaffiboð. Boðið var haldið í Ljósinu á Langholti vegi og komu 12 gestir fyrir

utan afmælisnefndina. Var boðið vel heppnað í alla staði og hafði fólk gaman af því að hittast og höfðu sumir ekki sést í mörg ár. Rifjaðar voru upp minningar og sögur sagðar af störfum þeirra á árum áður.



## Vorfundur og árshátíð á B5

Vorfundur og árshátíð félagsins var haldin á veitingastaðnum B5.

Páll Óskar Hjálmtýsson mætti með fatnað úr fataskápnum sínum og hélt lífliga ræðu um eitt og skemmtilegt sem tengist fatnaði og „showbiz“. Flíkurnar sem hann hafði með sér voru saumaðar af félagsmönnum og einnig var hann með nokkuð af öðrum sviðsfatnaði.

Eftir kynninguna hjá Páli Óskar varð snæddur kvöldverður og bauð félagið upp á vín með matnum. Mætingin var sérlega góð og stemningin skemmtileg. Farið var í leiki og sprell fram eftir kvöldi. Allir voru sammála að fundurinn og árshátíðin hafi heppnast mjög vel að þessu sinni.



## Ýmist skúbb og skemmtilegheit

- **Gerður Bjarnadóttir** lokar saumastofunni á Njálsgötunni en mun vera með vinnuaðstöðu heima. Hún kennir í fullu starfi í Iðnskólanum í Reykjavík.
- **Berglind Ómarsdóttir** flytur til Luxemborgar og mun Lilly Aletta leigja húsnæðið að Suðurlandsbraut 52 (bláu húsin) með Helgu Rún.
- **Eðalklæði** - Urðu aftur félagsmenn í byrjun árs og er Malen annar eigandi Eðalklæða í stjórn.
- **Laufey Jónsdóttir** er nú með heimasíðuna [www.laufey.is](http://www.laufey.is).
- **Selma Ragnarsdóttir** opnaði búninga- og fataleiguna Hexíu ásamt systir sinni í húsnæði vinnustofunnar að Skúlagötu 10. Selma vinnur einnig með fatahönnuðinum Hörpu Einarsdóttir undir hönnunarkerkinu Starkiller.
- **Þjóðbúningastofa/7 í höggi** eru í Nethyl 2, E græn hús. Það var rosa fínt opnunarpertý hjá þeim fyrir ári síðan.
- **Berglind Magnúsar** – er flutt í nýtt húsnæði! Eða gerði það fyrir a.m.k. 2 árum og við erum enn að bíða eftir innflutningspartýinu....;) Hún er á Hringbraut 49, á flottu horni.
- **María Gunnars/MG Saumur** flytur sig um set og er nú í Ármúla 19.
- **Árni Gærdbo** er nýr félagsmaður og eini karlmaðurinn í félaginu. Hann rekur saumastofu á horni Vatnstígs og Lindargötu og heitir saumstofan Skraddarinn á horninu. Hann hefur verið að auglýsa stofuna sína til sölu og/eða eftir meðleigjanda.
- **Auður í Saumsprettunni** er ódrepanði og bara stækkar við sig, er með nokkrar í vinnu, þjónustu fyrir efnalaug, breytingar og margt fleira..... skoðið, [www.saumsprettan.is](http://www.saumsprettan.is).
- **Saumnálin á Snorrabraut** er enn til sölu. Skoðið!
- **Heyriði!** Svo er félagið með heimasíðuna: [www.klæði.is](http://www.klæði.is) og [www.klaedi.is](http://www.klaedi.is).

## „Þriðjudags-hittingur“

Stefnt er að því að koma á opnum fundum fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og ætlunin að hittast á Café Milánó í Faxafeni kl. 20.00. Engin sérstök málefni verða á dagskrá, heldur það sem er á döfenni hverju sinni.

Fyrsti „hittingurinn“ verður þriðjudagskvöldið 2. desember þar sem dreypt verður á jólaglöggi eða heitu kakói og umræða um nýjasta jóla-föndrið. Framhaldið verður auglýst nánar á heimasíðu félagsins.

## „Er hátískan dauð“?

Fyrirlestur var haldin á vegum félagsins af Karli Aspelund í byrjun sumars. Fyrirlesturinn kallaðist: „Er hátískan dauð“? og var mjög áhugaverður og margt sem bar á góma og til umhugsunar um fatnað og tísku eins og Kalla er einum lagið.

Mætingin var góð og aðgangseyrir að fyrirlestrinum rann í minningarsjóð Indriða Guðmundssonar. Auk þess lagði félagið fram mótframlag í sjóðinn.

Hægt er að forvitnast um Karl Aspelund og bókina hans um hátísku á [www.karlaspelund.com](http://www.karlaspelund.com).

**Ásdís Jóelsdóttir kennari** hefur nýlega gefið út ritgerð sína „um sögu og framþróun í fatagerð og fatahönnun á Íslandi frá lokum 19. aldar til byrjun 21. aldar.“ Vert að skoða. Nánar síðar.

[www.klaedi.is](http://www.klaedi.is)  
[www.klæði.is](http://www.klæði.is)



# Útskrift sveina

**Nýsveinum** var boðið til veislu samhlíða afhendingu sveinsbréfa og í framhaldi af opnun sýningarinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Mætingin var góð og umgjörðin glæsileg.

## Sveinar í kjólasaum

Eva Bjarnadóttir,  
Harpa Mjöll Kjartansdóttir,  
Jóna Björt Friðriksdóttir,  
Júlía Helgadóttir,  
Kristín Kristjánsdóttir,  
Kristín E. Þórólfsdóttir,  
Linda Húmdís Hafsteinsdóttir,  
Rebekka Óskarsdóttir,  
Sara María Skúladóttir.

## Sveinar í klæðskurði

Aðalheiður Snæbjarnardóttir  
Anna Jakobína Hinriksdóttir  
Berglind Rós Pétursdóttir  
Halla Rán Friðgeirsdóttir  
Heiðrún Ósk Óskarsdóttir  
Oddfríður Ósk Óskarsdóttir,  
Vigdís Rún Jónsdóttir.



Sveinar í kjólasaum



Sveinar í klæðskurði



## Sýningin Handverk og Hönnun í Ráðhúsinu

Sýnendur byrjuðu að innrétta úthlutaða bása daginn fyrir sýningu. Sýningin hófst á föstudeginum og fólk byrjaði strax að streyma að og var stanslaust rennsli allan daginn. Laugardag og sunnudag var alveg stappað og það svo troðið að margir náðu ekki að njóta sýningarinnar og frestuðu heldur komu fram á mánu- dag til að skoða í ró og næði en sá dagur var rólegastur.

Ég var með á sýningunni kraga, töskur og belti. Fyrirfram vissi ég ekki við hverju mætti búast vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Ég var því ekki mjög bjartsýn og bjóst við að haldið yrði fast

um budduna, en reyndin varð önnur, það ríkti jákvæðni og viðbrögðin voru góð og salan fór fram úr björtustu vonum. Það var ekki að sjá að það væri kreppa og löng röð var í hraðbankann.

Margir tóku nafnspjöld og er fólk varð þess áskynja að ég væri klæðskeri var mikið spurt um breytingar á fatnaði, sérsaum, leðurviðgerðir og annað. Er sýningin því tilvalin vettvangur fyrir félagsmenn í Klæðskera og Kjólameistarafélaginu því þarna kemur fólk eingöngu til þess að skoða handverk. Ég hvet félagsmenn til að taka þátt á næsta ári, við vorum alltof fáiðaðar.

Kristín Hjálmarsdóttir

